

5. fundur

Stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps, haldinn 30.apríl 2018 kl. 15:00 í Ráðhúsi Borgarbyggðar, Borgarbraut 14, Borgarnesi.

Fundarmenn: Finnbogi Leifsson, Borgarbyggð, Ólafur Jóhannesson, Borgarbyggð, Baldvin Björnsson, Hvalfjarðarsveit og Jón Einarsson, Skorradalshreppi. Sigurður Páll Harðarson, Akraneskaupstað boðaði forföll.

Fundargerð ritaði Hrafnhildur Tryggvadóttir, verkefnastjóri á Umhverfis-og skipulagssviði Borgarbyggðar.

Dagskrá

1. Færsla fyrri leitar og réttardags í Svarthamarsrétt 2018.

Eftirfarandi erindi frá sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar dags. 26.4.2018 tekið fyrir:

Á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var 24. apríl 2018 var tekið fyrir mál, Erindi - Færsla fyrri leitar og réttardags í Svarthamarsrétt 2018.

Eftirfarandi bókun var gerð:

Erindi frá sauðfjárbændum.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

"Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkir fyrir sitt leyti framkomið erindi bænda og fjáreigenda sem smala til Svarthamarsréttar, dags. 18. apríl sl. og leggur til við stjórn fjallskilaumdæmis Akraness, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps að fyrri leit og réttardagur í Svarthamarsrétt verði þann 9. september nk. í stað 16. september nk. eins og kveðið er á um í fjallskilareglugerð."

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Erindið samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 15:14